

um dómum: Hrd. XVI bindi, bls. 444, og XXXVI bindi, bls. 336).

Einnig er á það að líta, að kröfugerð stefnenda í stefnu er eigi í samræmi við innlausnarleyfi ráðuneytisins frá 13. júní 1967.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnendur in solidum til að greiða stefnda málskostnað, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 um meðferð einkamála í héraði. Málskostnaður þessi ákveðst kr. 15.000.

Magnús Thoroddsen, setudómari í Ísafjarðarsýslu, kvað upp dóm þennan. Nokkur dráttur hefur orðið á dómsuppsögu. Stafar hann af jólaaleyfum.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnendur, Ragna og Sigríður Aðalsteinsdætur, greiði in solidum stefnda, Ólafi Helgasyni, kr. 15.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. febrúar 1975.

Nr. 47/1973. **Benedikt V. Gunnarsson**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Ingjaldi Guðmundssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dómenður:
hæstaréttardómaramir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Kaupgjaldsmál. Kjarasamningar. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1973. Upphaflega áfrýjaði hann málinu 29. janúar 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. s. m., en héraðs-dómur var kveðinn upp 14. september 1972. Útivistardómur

gekk í því máli 2. mars 1973. Er málinu nú áfrýjað samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst áfrýjandi sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Um lögskipti aðilja gildir kjarasamningur um kaup og kjör háseta, mat-sveina og vélstjóra á Vestfjörðum, sem gerður var í maí-mánuði 1970 milli Alpýðusambands Vestfjarða og útvegs-manna á Vestfjörðum. Er eingöngu ágreiningur um skilning á þeim ákvæðum þessa kjarasamnings, sem nú verða rakin:

Í 1. gr. kjarasamningsins eru ákvæði um skiptakjör, þegar veitt er með línu. Fá skipverjar í sinn hlut ákveðinn hundr-aðshluta af brúttóafla, en hluturinn er mismunandi mikill eftir stærð bátanna. Samkvæmt d lið greinarinnar fá skip-verjar á bátum, sem eru 50 rúmlestir og þar yfir, í sinn hlut 31 % af brúttóafla miðað við 11 menn, en bátur sá, sem mál-ið fjallar um, er 64 rúmlestir brúttó. Í 5. mgr. II. tl. er ákvæði um, að vanti skipverja í róður, skuli hlutur hans skiptast milli þeirra manna, sem þann róður fóru. Þá er í 11. gr. samn-ingsins ákvæði um kauptryggingu skipverja, svohljóðandi: „Útgerðarmaður skal tryggja hlut hvers skipverja með kaup-tryggingu fyrir hvern mánuð (30 daga) af ráðningartíman-um“, en síðar í greininni er greint frá fjárhæð þessarar kaup-tryggingar, sem er misjafnlega há eftir stöðu skipverja.

Ljóst er, að samkvæmt greindu ákvæði 5. mgr. II. tl. 1. gr. fá skipverjar sérstaka þóknun fyrir aukið álag, sem leiðir af því, að færri mönnum er ætlað að skila sömu eða svipuðum afköstum. Hins vegar er kauptryggingarákvæðum 11. gr. ætl-að að tryggja skipverjum ákveðin lágmarkslaun, sem þeim eru goldin án tillits til stærðar báts eða tölu skipverja og án nokkurrar viðmiðunar við afköst eða sérstakt álag. Þetta ákvæði er sjálfstætt og í engum tengslum við 1. gr. Ef ætlun-in var að skipta kauptryggingu á sama hátt og skipt var afla-hlut, hefði orðið að setja skýlaust ákvæði um það, eins og

gert er í samsvarandi kjarasamningi Alþýðusambands Vestfjarða og útvegsmanna á Vestfjörðum, sem tók gildi 1. janúar 1972, en þar segir: „Vanti skipverja í róður, skal hlutur hans og kaup eða kauptrygging skiptast milli þeirra manna, sem þann róður fara“.

Að svo vöxnu máli ber að sýkna áfrýjanda af kröfu stefnda um þá kauptryggingu, sem deilt er um í málinu. Hins vegar verður að skýra ákvæði greindrar 5. mgr. II. tl. 1. gr. kjarasamningsins á þann veg, að stefndi eigi rétt til 1/4 hlutar af andvirði þess aflahlutar, sem fallið hefði í skaut 2. vélstjóra og matsveini, en lögmenn aðilja eru sammála um, að það nemi samtals kr. 9.611.70. Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 9.612 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1971 til 16. maí 1973, 9% frá þeim degi til 15. júlí 1974, 12% frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.

Samkvæmt 2. tl. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963 á stefndi sjóveðrétt í m/b Ásgeiri Torfasyni, ÍS 96, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Það athugast, að eðlilegast var að reka mál um sakarefnið fyrir Félagsdómi.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Benedikt V. Gunnarsson, greiði stefnda, Ingjalði Guðmundssyni, kr. 9.612 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1971 til 16. maí 1973, 9% frá þeim degi til 15. júlí 1974, 12% frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað, kr. 25.000.

Stefndi á sjóveðrétt í m/b Ásgeiri Torfasyni, ÍS 96, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Ísafjarðarsýslu 14. september 1972.

Ár 1972, fimmtudaginn 14. september, var kveðinn upp dómur í máli þessu, sem höfðað var fyrir sjó- og verslunardómi með

stefnu, útgefinni 31. ágúst 1971 af Ingjalði Guðmundssyni, Eyrarvegi 10, Flateyri, gegn Benedikt V. Gunnarssyni skipstjóra, Grundarstíg 4, Flateyri, og var málið dómtekið 24. ágúst sl. Gerði stefnandi þær dómkröfur á stefnunni, að stefnda yrði dæmt að greiða honum kr. 44.637.50 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá 1. janúar 1971 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Loks krafðist stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti í m/b Ásgeiri Torfarsyni, ÍS 96, fyrir tildæmdum fjárhæðum. Kröfum sínum breytti stefnandi í greinargerð vegna mislesturs á uppgjöri stefnda, þannig að krafist er nú kr. 19.264.70, en að öðru leyti eru kröfurnar óbreyttar.

Málavextir eru, eftir því sem fram hefur komið í málinu, að stefnandi var ráðinn háseti á skip stefnda, m/b Ásgeir Torfason, ÍS 96, á haustvertíð 1970, eða tímabilið 9. nóvember til 19. desember, þ. e. a. s. 41 dag.

Á skipinu voru þá aðeins fjórir menn í stað sex, eða tveim færri en samningar gera ráð fyrir. Þeir menn, sem vantaði á skipið, voru matsveinn og 2. vélstjóri.

Stefndi gerði svo upp við stefnanda með kauptryggingu eins og sex menn hefðu verið á bátnum, en aflahlutur á tímabilinu náði því ekki að samsvara kauptryggingu. Þegar stefnandi tók við uppgjörinu, segir stefndi, að stefnandi hafi spurt sig, hvort uppgjörið ætti að vera svona. Jafnframt sagði stefndi, að stefnandi hefði persónulega ekki haft uppi frekari mótmæli við sig eftir það, en hann hefði hins vegar fengið bréf, dags. 9. janúar 1971, frá Verkalýðsfélaginu Skildi á Flateyri, þar sem óskað er eftir leiðréttingu á uppgjörinu. Sú leiðrétting, sem stefnandi óskaði eftir, var sú, að hann fengi 1/4 hluta þeirrar kauptryggingar, kaups og orlofs, sem í hlut matsveins og 2. vélstjóra hefði komið á umræddu tímabili, en fjárhæðin fyrir mánaðartíma er sundurliðuð á dskj. nr. 5, sem er frá Alþýðusambandi Vestfjarða. Nemur hún kr. 56.384, sem deilt er með 4 = 4.096.

Í greinargerð stefnanda er þetta talið nema kr. 469.87 á dag, sem reyndist vera réttur úreikningur, þ. e. ekki er unnt að reikna með broti úr eyri. Er því krafa stefnanda í greinargerð kr. 469.87 x 41 dagar = 19.264.70 og samkvæmt framansögðu tölulega rétt útreiknað. Að gengið sé út frá réttum tölum á dskj. nr. 5, kemur fram í sameiginlegri tilkynningu um launagreiðslur sjómanna frá Alþýðusambandi Vestfjarða og Útvegsmannafélagi Vestfjarða, sbr. dskj. nr. 4.

Stefndi féllst eigi á að greiða stefnanda viðbótarfjárhæð þá, sem hann fór fram á, og leiddi það til þess, að mál þetta var höfðað.

Kröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að mati dómssins. Stefndi hefur ekki mótmælt, að um réttan dagafjölda sé að ræða eða tölulegan útreikning. Gefa þessi atriði því ekki tilefni til sérstakrar umsagnar. Sama máli gegnir um það, að það er ekki ágreiningsefni milli aðilja, að 6 menn eigi að vera á landróðrarbátum, sem stunda veiðar með línu og eru 50 rúmlestir og þar yfir, sbr. í þessu tilliti 1. gr., d lið, samninga á dómsskj. nr. 3.

Úrslit málsins velta á því, hvort skipta skuli kauptryggingu og öðrum launum þeirra, sem á skipi eru ekki, en ættu að vera það til þess að fullur mannfjöldi væri, milli þeirra hinna færri manna, sem á skipi eru, eða hvort slík skipting skuli aðeins gerð, þegar um aflahlut er að ræða.

Stefnandi færir eftirfarandi rök fyrir því í greinargerð, að nefnd skipting á kauptryggingu skuli gerð: „Meginástæða þess, að aflahlutur sá, sem til skipta kemur, skiptist í færri staði eftir því sem færri eru á bát, er að sjálfsögðu aukið álag á hvern einstakan skipverja. Það leiði af sjálfu sér, að fjórir menn, sem vinna störf sex manna á skipi, verða að leggja meira að sér en ella, jafnt þótt aflahlutur nái ekki kauptryggingu. Það væri því mjög óeðlileg niðurstaða, að sjómaðurinn fengi engin laun fyrir sitt aukna erfiði, en útgerðarmaðurinn hagnaðist á því, að færri væru á skipinu en samningar standa til.“

Fleiri atriðum styður stefnandi skilning sinn. Nefna skal yfirlýsinguna á dskj. nr. 5 frá Alpýðusambandi Vestfjarða og áður er vikið að, en í henni segir m. a.: „Eftir uppgjöri til skipverja er vangoldið af hálfu útgerðarmanns laun matsveins og II. vélstjóra, sem samkv. samningum skal skipta milli þeirra skipverja, sem á sjó fara, eða í þessu tilfelli milli fjögurra manna.“

Þá bendir stefnandi á framburð Péturs Sigurðssonar í þinghaldi haldi 22. október 1971, en hann hefur verið forseti ASV frá því í september 1970 og verið í stjórn sambandsins frá árinu 1962 og samninganefnd 1964 annað slagið (sic). Segir vitnið meðal annars í framburði sínum: „ . . . fóru fram viðræður milli sjómanna og útgerðarmanna, og var ágreiningsefnið, sem fram kemur í bréfinu og málið stendur út af, tekið til umræðu á síðasta samningsfundi. Á þeim fundi voru tveir útgerðarmenn, sem voru í

samninganefnd, þeir Jóakim Pálsson, Hnífsdal, og Guðfinnur Einarsson, Bolungarvík, sammála um túlkun samninganefndar ASV um skiptingu kauptryggingar og aðra kaupliði. Í stuttu máli var túlkun ASV sú, að allar tekjur, sem maður hefði haft, ef hann hefði mætt til róðurs, skyldu skiptast jafnt milli skipverja, sem þann róður fara, enda vinni þeir hans verk. Enn fremur teljum við, að skipstjóranum sé í sjálfsvald sett, með hvað langa línu hann rær með undir því hámarki, sem samningar segja til um, og á það ekki að hafa áhrif á kaup skipshafnar viðkomandi báts. Aðrir en framangreindir tveir útgerðarmenn tjáðu sig ekki um málið frá þessari hlið.“

Einnig vísar stefnandi til framburðar Guðmundar Guðmundssonar útgerðarmanns í nefndu þinghaldi, en þá sagði hann meðal annars: „Aðspurður segir vitnið, að það viti til þess, að þar sem fimm menn hafi verið á sjó í stað sex manna, hafi þessir fimm fengið 1/5 hluta hver af kauptryggingu eða hlut, sem 6. manni hefði borið, hefði hann róið“. Loks bendir stefnandi á dskj. nr. 8, sem er reikningur frá m/b Ásgeiri Torfasyni, ÍS 96, en samkvæmt reikningnum er um kauptryggingu að ræða í því tilviki, en við er bætt 1/5 af sjötta manns hlut. Stefndi mótmælti skilningi stefnanda í greinargerð sinni á dskj. nr. 9 með eftirfarandi hætti: „Eins og fram kemur í gögnum stefnanda, snýst mál þetta um það, hvort skipta eigi upp kauptryggingu milli skipverja á bátnum miðað við fulla leyfilega tölu skipverja, þegar færri eru á skipi en samningar gera ráð fyrir. Telur stefnandi, að um þetta gildi sömu reglur og þegar um hlut er að ræða.“

Hér er um grundvallar misskilning stefnanda að ræða á eðli kauptryggingar, enda kemur þetta greinilega fram í 11. gr. þess kjarasamnings, sem í gildi var haustið 1970. Þar segir: „Útgerðarmaður skal tryggja hlut hvers skipverja með kauptryggingu fyrir hvern mánuð (30 daga) af ráðningartímanum sem hér segir . . .“

Kauptryggingu er ætlað, eins og í 11. gr. segir, að tryggja ákveðin lágmarkslaun. Með færri mönnum á skipi en samningar segja til um er fullvíst, að árangur verði ekki sá sami og þegar um fulla tölu skipverja er að ræða. Þetta á sérstaklega við um það, þegar um mjög fáa menn er að ræða, eins og var í því tilfelli, sem mál þetta fjallar um. Í samningum eru bein ákvæði um það, á hvern hátt fara skuli, þegar um hlut er að ræða, þegar skipverja vantar, þ. e. að þeim hlut skuli skipt milli þeirra, sem í þann róður fara.

Engin sambærileg ákvæði eru um það, þegar aðeins er um kaup-

tryggingu að ræða, og er fráleitt að álíta, að sama gildi um þetta.“

Þá bendir stefndi á bréfaskipti milli Landssambands íslenskra útvegsmanna, dskj. nr. 10, og svarbréf Sjómannafélags Reykjavíkur, dskj. nr. 11, en í svarbréfinu segir m. a.: „Við erum sam-mála yður um þann skilning, að umrædd kauptrygging gildi fyrir hvern tilgreindan skipverja, óháð fjölda skipverja.“ Einnig segir stefndi í vörn sinni, að ummæli (Guðmundar Guðmundssonar aths. dómsins) svo og uppgjör og framburður, sem stefnandi styður mál sitt með, hnigi allt í þá átt, að hér sé um eitt formið á yfirborgunum að ræða, enda hvergi að finna í gildandi samningum skyldu í þessa átt.

Þá tekur stefndi fram í vörninni, að hann vilji að lokum leggja sérstaka áherslu á:

- „að engin ákvæði í kjarasamningum segja til um, að skipta skuli upp kauptryggingu á sama hátt og skipt er aflahlut, þegar skipverja vantar í róður,
- að kröfum sjómannafélaganna um bein ákvæði í samninga í þessa átt hefur ávallt verið neitað,
- að engin rök hafa komið fram um það, að um aukna vinnu hafi verið að ræða hjá stefnanda eða skipverjum á m/b Ásgeiri Torfasyni, þar sem róið var með styttri línu heldur en gert er ráð fyrir, miðað við fulla tölu skipverja.
- að ekki er hægt að tala um neina fasta venju í þessum tilvikum, framlögð uppgjör sýna að skipt er upp aflahlut, þegar um hann er að ræða, enda enginn ágreiningur um það. Þegar skipt hefur verið upp kauptryggingu á færri menn, hefur verið gert um það sérstakt samkomulag. Slíkt samkomulag var hins vegar ekki gert á milli aðilja þessa máls, og því gilda um það hinir almennu kjarasamningar, sem í gildi voru.“

Framburðum stefnanda og Eggerts Jóns Jónssonar skipstjóra, sem réð stefnanda á bátinn, ber ekki saman, og engin vitni eru fram komin í málinu, er borið geta vitni um það, hvað þeim fór á milli. Er því ekki unnt að nota þá framburði sem grundvöll að niðurstöðu dóms í málinu.

Þegar vegin eru og metin rök þau, sem rakin hafa verið hér að framan, verður þetta ljóst:

1. Mun meira vinnuálag verður á hverjum manni, þegar fjórir menn vinna verk sex manna. Gildir þetta bæði um vinnu þá, er að sjómennsku einni lýtur, svo sem vaktir verða lengri, meiri vinna er að halda öllu í góðu horfi á skipinu og gæta öryggis um

siglingu þess. Einnig verður meiri vinna í þeim atriðum, er að fiskveiðum lýtur.

2. Það verður ekki fallist á það, að fullvíst sé, að árangur verði ekki sá sami með færri mönnum á skipi, og er þá væntanlega átt við það, að hann verði minni heldur en þegar um fulla tölu skipverja er að ræða. Ljóst er, að aflamagnið fer ekki eftir því, hve margir menn eru um borð í skipinu, heldur eftir fiskgengd, því hve fiskurinn gefur sig til og öðrum slíkum atriðum.

3. Framburður Péturs Sigurðssonar forseta ASV um viðræður sjómanna og útgerðarmanna veitir mjög sterkar líkur fyrir skilningi stefnanda á því, að skipta beri kauptryggingunni eins og hann heldur fram og að slík sé skoðun útgerðarmanna, a. m. k. hér á norðanverðum Vestfjörðum.

4. Stefndi hefur eigi leitt nein vitni, hvorki úr hópi sjómanna né útgerðarmanna, sem hreki þau atriði, er í 3. lið hér að framan getur. Hallann af þessu verður stefndi að bera.

Það verður því samhljóða niðurstaða dómsins, að almenn lög og sanngirnisrök, studd gögnum málsins, leiði til þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 19.264.70 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá 1. janúar 1971 til greiðsludags og kr. 19.990 í málskostnað. Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Ásgeiri Torfasyni, ÍS 96, fyrir tildæmdum kröfum.

Dóm þennan kvað upp Björgvin Bjarnason sýslumaður ásamt meðdómsmönnum Einari Jóhannssyni hafnsögumanni og Símoni Helgasyni skipaeftirlitsmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Benedikt V. Gunnarsson, greiði stefnanda, Ingjalði Guðmundssyni, kr. 19.264.70 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá 1. janúar 1971 til greiðsludags og kr. 19.990 í málskostnað. Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Ásgeiri Torfasyni, ÍS 96, fyrir tildæmdum kröfum. Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.